

Bassi

Vörðupróf I

1. Verk (36 einingar)

- Tvö ólík aðallög (**12 einingar hvort**) flutt með hljómsveit, undirleik kennara, hljóðrituðum eða tölvugerðum undirleik. Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.
- Eitt lag af átta laga safnlista, flutt eins og nefnt er hér að ofan - valið af prófdómara (**12 einingar**). Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðsprófs.

2. Upprit (12 einingar)

Upprit flutt með upprunalegri hljóðritun. Þarf ekki að vera upprit nemanda, þarf ekki að vera skráð á nótur og þarf ekki að vera lært utanð. Viðmiðunarlengd 32 taktar.

3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs

4. Tónstig og hljómar (15 einingar)

Lágmarkshraði meðað við að leiknar séu áttundapartsnótur er MM 100

2 áttundir:

Allir dúrar

Allir hreinir mollar

Ein áttund:

Allar kirkjutóntegundir

Lýdískur b7

Krómatískur

Hljómhæfur moll

Laghæfur moll Jazzmoll

Pentatónískur dúr

Pentatónískur moll

Geta leikið tónstiga 1 áttund í tveimur fingrasetningum

(Dúr: frá 2. og 4. Fingri, Moll: frá 1. og 4. fingri, ath! frýgískur og lókrískur frá 1. og 3. fingri., Ath! Pentatónískur dúr frá 2. og 4.fingri og pentatónískur moll frá 1. og 4. fingri)

Geta leikið Dúr og hreinan moll í þríundum, eina áttund

Hljómar:

Eftirfarandi í öllum tóntegundum

Dúr, Maj7

Moll, Moll7

7, 7(#5), m7(b5)

Dim, dim7

5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna

- a. Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverefni.
- c. Leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.

- a. Hefðbundinn nótnalestur (5 einingar).
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 einingar).

7. Heildarsvipur (5 einingar)

Vörðupróf II

1. Verk (36 einingar alls)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

- a. Tvö ólík aðallög, flutt með hljómsveit (12 einingar hvort).
- b. Eitt lag af 22 laga lista, flutt með hljómsveit - valið af prófdómara (12 einingar).

2. Upprit (12 einingar)

Gert af nemanda, afrit afhent prófdómara og flutt utanbókar með upprunalegri upptöku. Viðmiðunarlengd 64 taktar.

3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Skalar 2 áttundir:

*Allir dúrar

*Allir mollar (náttúrulegur, dórískur, frýgískur, lókrískur, hljómhæfur, laghæfur, jazzmoll)

*Mixólýdískur b9, b13

*Lýdískur b7

Krómatískur skali

*Pentatónískur dúr og moll

Dimskali 1/2-1 og 1-1/2

*Altered skalinn

Heiltónaskalinn

Leikmáti og hraði:

1/4 partur: 140, m.v. að skali er leikinn í áttundapörtum

*Ath! stjarna við skala merkir að leika skal skalann 1 áttund í tveimur fingrasetningum

(Dúr: frá 2. og 4. Fingri, Moll: frá 1. og 4. fingri, ath! frýgískur og lókrískur frá 1. og 3. fingri., Ath! Pentatónískur dúr frá 2. og 4.fingri og pentatónískur moll frá 1. og 4. fingri)

Geta leikið dúr og náttúrulegan moll í 3undum til 6undum innan 2ja áttunda Hljómar:

Hljómar í öllum tóntegundum

Þríhljómar:

Allir dúr, dúr#5, moll, mollb5 og dim

Ferhljómar:

Allir Maj7, Maj6, Maj7 9, Maj6 9, Maj7 #11, Maj7 13

Allir V7 hljómar með eftirtöldum spennum og samsetningum þeirra (b5, #5, b9, 9 og #9, 11 og #11, b13 og 13)

Allir Moll7, Moll7 9, Moll11, Moll7b5 og Mollmaj7

Allir Dim hljómar

5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
- Leiki verk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri.

6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

- Hefðbundinn nótnalestur.
- Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá.

7. Heildarsvipur (5 einingar)